



GARÐAPRESTAKALL Á AKRANESI  
SKÓLABRAUT 13-17, 300 AKRANES, SÍMI 433 1500

Bæjarráð Akraness  
Elsa Lára Arnardóttir, formaður  
Bæjarskrifstofan  
Stilholti 16-18  
300 Akranes

Akraneskaupstaður		
Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
40.1	GAO	- 9. SEP. 2019
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. Öne
SFB	SFB	1810139

Akranesi, 4. september 2019

Sóknarnefnd Akraneskirkju vísar til fyrri samskipta varðandi gamla lðnskólahúsið við Skólabraut sem Akraneskaupstaður gaf Akraneskirkju árið 2008 og margvíslegra skemmda á húsinu, utan sem innan, sem byrjuðu að koma fram fljótlega eftir að gjöfin átti sér stað, m.a. annars á klæðningu á húsinu að utan sem ekki var unnin í samræmi verklýsingu framleiðanda enda eftirlit verkkaupa lítið sem ekkert með verkinu. Að öðru leyti hrakar ástandi hússins hratt, úti sem inni, og má með sanni segja að þetta hafi orðið hálfgerð hefndargjöf enda ekki eðlilegt að bæjarfélagið sem átti húsið og ákvað að það yrði friðað, komi því yfir á aðra aðila með takmörkuð fjárráð, þar sem vitað er að mikill og vaxandi viðhaldskostnaður fylgir slíkum húsum en jafnframt var hálfgerður barnaskapur að taka við slíkri gjöf sem varla hefur komið til af sérstakri umhyggju fyrir kirkjunni.

Þar sem lítið viðhald hefur átt sér stað á kirkjunni og safnarheimilinu um langt árabíl, liggur fyrir að ráðast þarf í viðamiklar viðhaldsframkvæmdir á þessu ári og því næsta, sem kosta tugi milljóna, þá er ljóst að kirkjan hefur enga burði til að taka á sig kostnað við nauðsynlegt viðhald á lðnskólahúsinu, sem kostar væntanlega mun meira en viðgerðir á eignum kirkjunnar. Því er staðan þannig núna að kirkjan á varla annan kost en að skila Akraneskaupstað húsinu í samræmi við ákvæði þar um í gjafagjörningi.

Sóknarnefnd óskar því eftir viðræðum við fulltrúa Akraneskaupstaðar við allra fyrsta tækifæri til að ræða þá stöðu sem nú er uppi.

f.h. Sóknarnefndar Akraneskirkju

cc. Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri